

Mál nr. 268/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrðartryggingar malarvinnslu

Vinnuslys 09.06. 2006 við fall í holu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína. Starfsmenn malarvinnslu voru að steypa undirstöður undir línustur á Reyðarfirði. Um miðjan dag mun M hafa verið á gangi á brún stórrar og djúprar holu á vinnusvæðinu, þegar kantur holunnar gaf sig og M féll niður um 4 metra og hlaut meiðsl af.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun í bréfi til nefndarinnar. Það telur að fall M verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingataki ber skaðabótaábyrgð á.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi. Fallist er á röksemdafærslu vátryggingafélagsins. Ósannað er að meiðsl M verði rakin til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.